

Skilablað – Húsnæðismál velferðarráðuneytis

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað.

1 Upphof verkefnis

Velferðarráðuneytið var leyst undan leigusamningi við Faxaflóahafnir vegna húsnæðis ráðuneytisins í Hafnarhúsínu við Tryggvagötu 19 í Reykjavík en myglar hafði greinst í húsinu og var það því ekki talið hæft til viðveru.

Um tvíþaett verkefni var að ræða, annars vegar varð að finna húsnæði fyrir 15 starfsmenn sem voru á sýktum svæðum og fundu fyrir einkennum og hins vegar burfti að finna húsnæði fyrir allt ráðuneytið. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fól FSR að vinna þarfagreiningu fyrir velferðarráðuneytið sem unnin var í samvinnu við skrifstofustjóra ráðuneytisins.

Verkefnastjóri hjá FSR var Gíslína Guðmundsdóttir.

2 Verklýsing

FSR vann þarfagreiningu í samráði við skrifstofustjóra velferðarráðuneytis í maí 2016. Niðurstaða hennar, ásamt húsrýmisáætlun, var að ráðuneytið þarfnaðist um 2.250 m² húsnæðis.

Auglýst var eftir húsnæði fyrir ráðuneytið í júlí 2016. Sex tilboð bárust en niðurstaðan varð sú að ekkert þeirra uppfyllti óskir ráðuneytisins fyllilega. Þar sem ráðuneytið var í sýktu húsnæði vegna myglar varð að grípa til skjótra ráðstafana. Því var ákveðið að kanna hvort koma mætti ráðuneytinu til bráðabirgða fyrir í Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, í húsnæði í eigu ríkisins, þrátt fyrir að staðsetningin væri ekki hentug og að þróngt yrði um ráðuneytið í húsinu. Húsnæðið að Skógarhlíð var að losna vegna flutninga sýslumannsembættisins úr húsinu.

Bókhalds- og greiðslulúpþjónusta var ekki hjá FSR.

3 Verknúmer

Beiðni um verknúmer er dagsett 18. mars 2016 og verkefnið fékk verknúmerið 633 0107.

4 Framvinda

Þegar ljóst varð að koma ætti velferðarráðuneytinu fyrir í Skógarhlíð 6 var fenginn til ráðgjafar Einar Ólafsson hjá Arkiteó. Þar sem húsnæðið er í eigu ríkisins var það í höndum Ríkiseigna að sjá um breytingar húsnæðis en lagt var upp með að gera eins umfangslitlar breytingar og mögulegt var. Á móti var ljóst að um töluverð innkaup af búnaði yrði að ræða þar sem mun þrengra yrði um ráðuneytið í nýja húsnæðinu.

5 Kostnaður verkefnisins

Kostnaður verkefnisins vegna vinnu FSR var 3.271.750 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Mikil áhersla var lögð á að velferðarráðuneytið kæmist sem fyrst úr leiguþúsnæðinu við Tryggvagötu þar sem um hálfgert neyðarástand var að ræða vegna myglu. Þó eflaust færi betur um ráðuneytið í einhverju af því húsnæði sem boðið var í auglýsingu var tíminn hér aferandi atriði og því varð Skógarhlíð 6 fyrir valinu. Stefnt er að því að framtíðarhúsnæði allra ráðuneyta verði á stjórnarráðsreit við Skúlagötu og hefur verið tekin ákvörðun um að velferðarráðuneyti flytji í Skúlagötu 4 þegar Hafró flytur í Hafnarfjörð.

7 Ákvörðun verkkaupa

Verkkaupi, fjármála- og efnahagsráðuneytið, í samráði við velferðarráðuneytið, tók ákvörðun í nóvember 2016 um að unnið skyldi að því að koma velferðarráðuneytinu fyrir til bráðabirgða í Skógarhlíð 6.

8 Verklok

Pann 22. desember 2016 fékk FSR beiðni um að aðstoða við flutning velferðarráðuneytisins í Skógarhlíð 6 og lauk þar með verknúmeri 633 0107.

Stofnað var nýtt verknúmer, 608 1015. Verkkaupi þess númer er velferðarráðuneytið.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðar staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri



Gíslína Guðmundsdóttir verkefnastjóri